

VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

42. stjórnarfundur haldinn í Reykavík þann 19. janúar 2011

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, formaður, Rósa Björk Halldórsdóttir, varaformaður, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Hjalti Þór Vignisson sem vék af fundi kl. 15.10, Elín Heiða Valsdóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Magnús Hallgrímsson.

Einnig: Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Hjalti ritar fundargerð.

Kristveig bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár kl. 10.20.

1. Samþykkt dagskrár

Ingólfur lagði til að eftir fund með ráðherra væri settur liður á dagskrá til að ræða fundinn með ráðherra. Það var samþykkt.

2. Samþykki fundargerðir 40. stjórnarfundar 15. desember 2010

Ákveðið að síðustu fundargerðir verði yfirfarnar og afgreiddar á næsta fundi.

3. Rekstrarmál 2010.

Stjórnin óskar eftir að fá gögn send fyrir næsta fund.

4. Tillaga að breytingum á lögum og reglugerð þjóðgarðsins

Kristveig greindi frá vinnu í málinu á milli funda, viðræðum við lögfræðing og starfsfólk í umhverfisráðuneytinu um stjórnfyrikkomulag garðsins. Vilji stjórnar stendur til að lagfæra kjör framkvæmdastjóra og best væri að gera það án þess að lagabreytingu þurfi til. Kristveig ræddi einnig um 7. gr. er varðar leyfisveitingar og innheimtu gjalda fyrir auglýsingamyndatökur o.fl. Vinna felst í umsýslu með þess háttar verkefnum og eftirliti. Stjórn sammála um að Vatnajökulspjóðgarður fái heimild til að taka gjald vegna leyfisveitinga og eftirlits með kvikmyndatökum, rannsóknnum og þessháttar verkefnum.

Þá ræddi Kristveig um vald þjóðgarðsvarða og annarra starfsmanna um umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum. Stjórn var sammála um inntak greinar, eins og hún var sett fram í drögum að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Vatnajökulspjóðgarð. Þó var rætt um að breyta málsgrein um heimild framkvæmdastjóra til að leggja bann við ákveðnum atburðum til samræmis við aðrar málsgreinar þannig að þar væri um að ræða heimild þjóðgarðsvarða í samráði við framkvæmdastjóra.

Stjórn sammála um að málið verði tekið upp á fundi með ráðherra.

5. Fundur með umhverfisráðherra Svandísi Svavarsdóttur

Klukkan 11.30-13.00 fundaði stjórn með Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra, Magnúsi Jóhannessyni, ráðuneytisstjóra og Danfríði Skarphéðinsdóttur. Á fundinum var rætt um fjárveitingar á fjárlögum til Vatnajökulspjóðgarðs í fortíð, nútíð og framtíð. Jafnframt rætt um stjórnunar- og verndaráætlun, fyrirhugaðir stofnu Þjóðgarðsstofnunar og breytingar á lögum um Vatnajökulspjóðgarðs.

6. Rekstrarmál 2011

Dagskrárlið frestað til næsta fundar.

7. Framkvæmdamál 2011

Dagskrárlið frestað til næsta fundar.

8. Aðgerðaáætlun á grunni Sogv 2011-2020

Dagskrárlið frestað til næsta fundar.

9. Önnur mál

- *Sameiginleg verkefni svæða þ.m.t. kynningarfundir svæðisráða*

Kristveig ræddi um verkefni sem þarf að ráðast í, s.s., fræðslumál, samgöngumál, styrkingu tengsla við ferðaþjónustu, kortagerð o.fl. Einnig rætt um kynningarfundir svæðisráða um þjóðgarðinn og samræmingu þeirra milli svæða. Stjórn sammála um að funda með þjóðgarðsvörðum og framkvæmdastjóra á næstu vikum til að ýta þessum verkefnum úr vör. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa málið.

- *Fjármálastjóri-ráðning*

Kristveig ræddi hugmynd um ráðningu fjármálastjóra. Sagði að skort hafi á umræðu um skrifstofu framkvæmdastjóra og skilgreina þurfi hlutverk og stærð skrifstofunnar. Hjalti vék af fundi kl. 15.10. Rósa tók við að rita fundargerðina.

Þórður sagði það sína skoðun að óviðunandi væri að hálf staða fjármálastjóra verði annars staðar en við hlið framkvæmdastjóra. Magnús flutti tillögu um að fjármálastjóri yrði ráðinn að skrifstofunni í Reykjavík.

Rætt er um hvað eigi að hafa sem útgangspunkt í ráðningu fjármálastjóra, hvort eigi að ráða hann samkvæmt hæfni og hafa opið hvaða starfsstöð hann yrði á eða ákvarða staðsetningu fyrirfram. Einnig var rætt um hvort að ein af stöðvunum ætti að vera í Reykjavík ef auglýst væri eftir starfsmanni á einhverja af starfsstöðvum þjóðgarðsins.

- *Húsnæðismál fastráðinna starfsmanna*

Kristveig leggur til að stjórnin móti ákveðna stefnu en síðan sjái þjóðgarðsverðir um að skipuleggja nánar húsnæðismál starfsmanna. Umræða byrjar á því að Böðvar segir frá niðurstöðum svæðisráðs á norðursvæði, sjá hjálagt minnisblað frá Hjörleifi. Björn Ármann greindi frá því að metið hefði verið að hagkvæmara sé fyrir stofnanir eins og Vatnajökulspjóðgarð að leigja húsnæði fremur en að kaupa það. Vilji stjórnar er að aðstoða fastráðna starfsmenn við öflun húsnæðis þar sem aðstæður krefjast þess, en fastir starfsmenn greiði þó fyrir sitt húsnæði sjálfir. Þórður bendir á að fjármálaráðuneytið verði að samþykkja hvert tilfelli fyrir sig. Framkvæmdastjóra er falið að kanna stöðuna á hverju svæði fyrir sig og móta tillögur í samráði við þjóðgarðsverðir um lausnir á húsnæðismálum fyrir fastráðna starfsmenn. Húsnæðismál verði skoðuð í heildaráætlun þjóðgarðsins.

- *Stækkun þjóðgarðsins*

Nokkur umræða var um stækkunarmöguleika á þjóðgarðinum. Einnig var rætt um aðkomu svæðisráða og stjórnar að þeim málum. Elín bendir á að það sé ekki svæðisráðið sem fjallar um stækkun í Skaftárhreppi heldur sé það ráðuneytið sem ræður ráðum, en sjálfsagt megi stjórnin

koma með tillögur. Rætt var um verndaráætlun fyrir ný svæði og Kristveig benti á að erlendis væri ekki óalgennt að áhrifasvæði þjóðgarða væru tekin inn í verndaráætlanir þeirra. Elín leggur til að framkvæmdastjóri taki saman þá staði á minnisblað sem tilbúnir eru í stækkunarumleitanir í samvinnu við þjóðgarðsverðina. Þetta var samþykkt einróma.

10. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti stjórnarfundur verði á Norðursvæðinu þann 16. febrúar og stefnt verði á stjórnarfund á Vestursvæði 23. mars.

11. Framhaldsfundur um starfsmannamál

Fundi frestað kl. 17:15? til klukkan 17:00 mánudaginn 24.janúar. Framhaldsfundur mánudaginn 24. janúar 2011, símafundur kl. 17.

Samþykkt var af öllum stjórnarmönnum, að taka fyrir málefni um starfsstöðvar þjóðgarðsins á fundinum.

Eftir miklar umræður var eftirfarandi bókun samþykkt

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs er sammála um að auglýsa hálfu stöðu fjármálastjóra á Höfn í Hornafirði. Þá er stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs sammála um að setja strax af stað vinnu með starfsmönnum garðsins við að skilgreina þau verkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í til að ná markmiðum garðsins. Þeim verkefnum þjóðgarðsins verði dreift niður á rekstrarsvæðin þannig að jafnræðis gæti meðal þeirra. Verkefni sem um ræðir eru t.d. stjórnsýsla og fjármál, markaðs- og kynningarmál, fræðslumál, kortagerð, samstarf við fyrirtæki og félagasamtök um útivist og uppbyggingu atvinnulífs, rannsóknarstarf og samgöngumál innan garðsins.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að auglýsa eftir fjármálastjóra.

Fundi slitið klukkan 18:20